

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 20. stjórnarfundar, haldinn 22. apríl. 2024 í Borgartúni 26 kl. 17:00-19:15.

Mætt voru: Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson, Örn Viðar Skúlason og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Aron Kári Ágústsson sat fundinn.

Tryggvi Már Ingvarsson og Hrafn Svavarsson tóku þátt í fundinum undir lið 1, gegnum fjarfundabúnað.

Guðrún Þorleifsdóttir vék af fundi vegna vanhæfis á meðan ákvörðun var tekin um kaup í einu máli.

Dagskrá fundar:

1. Fundur með sérfræðingum hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Rætt um það endurmat á brunabótamati sem hefur farið fram á eignum í Grindavík á sl. mánuðum. Á fundinum gafst stjórnarmönnum tækifæri til að spyrja um endurmatsferlið og vinnulag HMS við endurmatið. Ákveðið að í þeim tilvikum sem brunabótamat hefur hækkað um meira en 30% frá 10. nóvember 2023 verði óskað eftir skýringum frá HMS og að umsækjendur verði þá upplýstir um þá upplýsingabeiðni.

2. Fundargerðir 19. fundar

Fundargerðir 19. fundar samþykkt.

3. Almenn um stöðu verkefnisins

Framkvæmdastjóri fór almennt yfir stöðu mála í verkefninu og helstu úrlausnarefni. Félagið mun ganga frá kaupsamningunum um veðsettar eignir í vikunni og mun kalla á sérstakt verklag sem áskilið er í samningum við lánveitendur.

4. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna

Á fundinum voru kynntar tillögur framkvæmdastjóra um kaup á 32 fasteignum í Grindavík. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri í 29 tilvikum. Þrjár eignir töldust þurfa nánari skoðun. Af þeim eignum sem samþykkt var að kaupa voru tvær eignir óveðsettar. Í 13 tilvikum voru kaupin samþykkt með fyrirvara um að yfirlýsing fái frá húsfélagi, ef það er til staðar, vegna íbúða í fjöleignarhúsum. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

5. Önnur mál

Næsti stjórnarfundur verður 23. apríl kl. 13:00 í Borgartúni 26.

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 19:15.

Óskar Józefsson
Guðrún Þorleifsdóttir